

# Stjórnarfundur FÍSOS



Fundur var haldinn í stjórn FÍSOS í Listasafni Íslands kl. 12.00 þann 25. ágúst 2011.

Mætt voru Guðný Dóra Gestsóttir, Jón Allansson, Sigríður Melrós Ólafsdóttir og Elfa Hlín Pétursdóttir á Skype. Helga Vollertsen boðaði forföll þannig að Sigríður ritaði fundargerð.

## 1. Fundargerð síðasta fundar

Farið var yfir fundargerð síðasta fundar, hún leiðrétt og samþykkt að því loknu.

## 2. Inntaka nýrra félaga

Fyrir fundinum lágu sjö umsóknir og voru þær allar samþykktar. Eftirtalin eru boðin velkomin í FÍSOS:

Hólmfríður Erlingsdóttir, Laufási,  
Þorleifur Eiríksson, Náttúrugripasafni Bolungarvíkur/ Náttúrustofu Vestfjarða,  
Sigurður Trausti Traustason, Listasafni Einars Jónssonar,  
Guðbjörg Ringsted, Leikfangasýningunni í Friðbjarnarhúsi,  
Skúli Sæland, Lækningaminjasafninu á Seltjarnarnesi,  
Helga Hallbergsdóttir, Sögusetri 1627 í Vestmannaeyjum,  
Hermann Bárðarson, Hvalasafninu á Húsavík

## 3. Félagatal

Rætt var um félagatal FÍSOS. Í dag eru skráðir félagar 222 talsins.

Fram kom að á tímabilinu 2009 - 2010 höfðu samtals 21 ekki greitt félagsgjöld og 2010 -2011 eru 22 sem ekki hafa greitt. Samtals 13 höfðu greitt hvorugt tímabilið. Ákveðið var að gera ekki skírteini fyrir þessa 13 vegna kostnaðar við gerð hvers skírteinis. FÍSOS ber kostnað af gerð skírteinanna. Stjórnin ræddi um að hvort ekki væri eðlilegt að þeir sem ekki greiða tvö tímabil í röð detti sjálfkrafa út af félagatalinu en það skuli þó vera lagt fyrir stjórnarfund.

Í framhaldi stakk Elfa uppá því að búin verði til póstkortalisti á [postur.is](mailto:postur.is) til að halda betur utan um breytt heimilisföng.

Ákveðið var að reyna fjölga félögum og senda út tilkynningu á póstlista safnamanna.

## 3. Aðalfundur FÍSOS

Aðalfundur FÍSOS verður haldinn þann 7. október 2011. Fundarboð verður sent út eigi síðar en 23. september. Rætt var um undirbúning vegna aðalfundar, fundartíma og skipulag. Í vinnslu.

#### **4. Hlutverk og framtíð FÍSOS**

Ákveðið er að stjórn FÍSOS vinni áfram þær tillögur sem ræddar voru á fundum um framtíðarhlutverk, fyrirkomulag og starfshætti félagsins. Tillögurnar verða síðan lagðar fyrir aðalfund.

#### **5. Lög FÍSOS**

Rætt um lagabreytingar.

#### **6. Árgjald**

Stjórn FÍSOS leggur til að árgjald 2012-2013 verði hækkað úr 2500 kr. í 3000 kr. Verður lagt fyrir aðalfund.

#### **7. Farskólinn**

Stjórn FÍSOS óskar eftir því við farskólastjórn að hún skipuleggi rútuferð frá Reykjavík. Ennfremur er farskólastjórn bent á að sækja um styrk vegna farskólans til gjaldkera FÍSOS eins og gert hefur verið undanfarin ár.

#### **8. Heimasíða**

Elfu Hlín var falið að taka saman upplýsingar um verklag vegna póstlista og vef FÍSOS. Einnig rætt um póstlistann og nýskráningar. Nýjum félögum verða sendar upplýsingar um tilhögun.

#### **9. Safnabókin**

Stjórn FÍSOS telur að Safnabókin sé mjög gott og þarft framtak.

#### **10. Önnur mál**

- a. Rætt um heiðursfélaga, frestað til næsta fundar.
- b. Stjórn FÍSOS ákveður að heimsækja Náttúruminjasafn Íslands eftir næsta fund.
- c. Rætt um mótun safnastefnu fyrir listasöfn og að samráðsfundur á næsta farskóla væri heillaráð.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 13.30. Næsti stjórnarfundur ákveðinn þann 15. september kl. 12 – 13 í fundarherbergi Listasafns Íslands við Laufásveg.

